

## REGLUR

### um breytingu á reglum nr. 318/2009 um takmörkun á inntöku nemenda í tilteknar námsgreinar við Háskóla Íslands háskólaárið 2009-2010.

1. gr.

8. gr. reglnanna breytist og verður svohljóðandi:

*Takmörkun á inntöku nemenda í námsgreinar matvæla- og næringarfræðideildar.*

Fjöldi nemenda á vormisseri 1. námsárs til BS-prófs í næringarfræði takmarkast við töluna 30.

Þær námsgreinar sem kenndar eru á 1. misseri í BS-námi í næringarfræði gilda sem samkeppnispróf. Við val nemenda verður meðaleinkunn þeirra lögð til grundvallar við fjöldatakmörkun.

2. gr.

Núverandi 8. gr. og 9. gr. reglnanna verða nr. 9 og 10.

3. gr.

*Gildistaka.*

Reglur þessar eru settar af háskólaráði skv. heimild í 3. mgr. 11. gr. laga nr. 85/2008, um opinbera háskóla og öðlast þegar gildi.

*Háskóla Íslands, 6. apríl 2009.*

**Kristín Ingólfssdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Þórður Kristinsson.*